

Almennar upplýsingar um ferðastyrk vegna alþjóðlegrar frumsýningar

Tilfni kynningarstyrks

Íslensk kvikmynd þarf að hafa verið boðin þátttaka í aðalsýningarflokki A-lista kvikmyndahátíðar og lykilaðstandendur kvikmyndarinnar leggja í kostnað við að styðja við kynningu kvikmyndarinnar á þeim vettvangi.

Með A-lista hátíð er vísað til skilgreiningar FIAPF samtakanna. http://www.fiapf.org/intfilmfestivals_sites.asp

Hvaða kostnaður er styrkhæfur

Styrkurinn skal mæta ferðakostnaði á vettvang kvikmyndahátíðar. Gert er ráð fyrir að unnt sé að styrkja lykilaðila sem koma að gerð kvikmyndar, s.s. leikstjóra, aðalleikara eða viðlíka.

Kostnaður við uppihald, gistiingu og ferðir á vettvangi er ekki styrkhæfur.

Hver er hámarksfjárhæð styrks

Fjárhæð styrks ræðst af vægi tilfynis en að jafnaði er einvörðungu greitt fyrir ferð eins til tveggja aðila á kvikmyndahátíð fyrir hverja kvikmynd fyrir hverja hátíð. Við ákvörðun styrkfjárhæðar er tekið mið af almennu fargjaldi.

Hver má sækja um

Það er skilyrði styrkveitingar að verkefnið efli framleiðsluumhverfi íslenskra kvikmynda með aðkomu innlendra lista- eða kvikmyndagerðarmanna, sem hljóta styrk til að kynna viðkomandi verkefni á kvikmyndahátíð.

Aðalframleiðandi kvikmyndar getur sótt um ferðastyrk á A-lista hátíð fyrir aðila sem leggja til lykil-listrænt framlag til kvikmyndarinnar, t.d. leikstjóra, helstu leikara eða aðrar lykilstöður. Þá getur leikstjóri eða aðili sem gegnir lykil listrænni stöðu við gerð kvikmyndar sótt um ferðastyrk.

Kröfur til umsókna

Umsókn skal senda á póstfangið umsoknir@kvikmyndamidstod.is

Með umsókn skal fylgja:

1. Lýsing á hvaða kvikmyndahátíð kvikmynd hefur verið boðið á
2. Kostnaðaráætlan sundurliðuð niður á þá aðila sem ætlað er að mæti á vettvang kvikmyndahátíðar.
3. Tiltekið hvaða aðrir styrkir hafi fengist vegna ferðarinnar, t.d. hvað kvikmyndahátíðin býður eða aðrir samstarfsaðilar.

Styrkurinn er greiddur út gegn framlagningu farseðils sem staðfestir útlagðan kostnað.